

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 4. september 2020 í máli nr. 38/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 25. maí 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að sófi sem hún keypti af varnaraðila hafi verið haldinn galla og krefst úrbóta eða endurgreiðslu kaupverðsins. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 2. júní 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 15. júní 2020. Sama dag var sóknaraðila boðið að senda nefndinni athugasemdir vegna andsvara varnaraðila. Sóknaraðili sendi nefndinni athugasemdir 16. júní 2020. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, staðfesting á greiðslu kaupverðs, myndir af sófanum og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila.

Með bréfi, dags. 4. ágúst 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á þriggja sæta sófa af gerðinni ABSALON af varnaraðila þann 16. maí 2015 fyrir 79.992 krónur. Þann 13. maí árið 2020 hafði sóknaraðili samband við varnaraðila þar sem sófinn var farinn að rakna í saumum á einum stað. Varnaraðili benti sóknaraðila á að leita til bólstrara með sófann og óska eftir viðgerð. Varnaraðili féllst ekki á að taka þátt í viðgerðarkostnaði og benti á að ábyrgðartími væri aðeins tvö ár.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili lagfæri saumsprettuna á eigin kostnað en til vara krefst hún endurgreiðslu kaupverðsins. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili telur að saumur sófans hafi verið of tæpur á þeim stað þar sem saumurinn fór að rakna. Bendir sóknaraðili á að sófinn sé staðsettur í setustofu í fasteign sóknaraðila og sé því lítið notaður og ekki mikið álag á honum. Telur sóknaraðili að saumsprettan hefði

komið fram fljótlega eftir kaupin ef sófinn hefði verið í mikilli notkun. Sóknaraðili telur að tilkynningarfrestur vegna galla sé fimm ár þegar um sófa er að ræða.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili bendir á að sófinn sé fimm ára gamall og ekki í ábyrgð lengur. Þá telur varnaraðili að ekki sé um galla að ræða heldur stafi saumsprettan af einhverskonar álagi eða núningi.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum tekur sóknaraðili fram að sófinn hafi ekki verið orðinn fimm ára þegar hún tilkynnti varnaraðila um saumsprettuna. Sóknaraðili telur að saumsprettan stafi ekki af álagi eða núningi enda sé hún staðsett þar sem ekki ætti að vera mikið álag ef setið er í sófanum. Þá sé saumsprettan einnig farin að rakna áfram inn í áklæði sófans. Sóknaraðili telur að um framleiðslugalla sé að ræða þar sem saumurinn sé of tæpur.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili keypti sófa af gerðinni ABSALON af varnaraðila þann 16. maí 2015 fyrir 79.992 krónur. Tæplega fimm árum síðar varð sóknaraðili vör við saumsprettu á áklæði sófans rétt fyrir ofan samskeyti þar sem bak sófans og armur öðru megin mætist. Saumsprettan virðist eiga upptök sín þar sem efnið er saumað saman.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) er fjallað um hámarkstilkynningarfresti til að bera fyrir sig galla í neytendakaupum. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“

Ljóst er að meira en tvö ár voru liðin frá því sóknaraðili festi kaup á sófanum þegar hún tilkynnti varnaraðila um saumsprettuna. Verður þar af leiðandi að meta hvort umræddur sófi geti talist söluhlutur sem „er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti“ í skilningi framangreindrar 2. mgr. 27. gr. Í skýringum við ákvæðið, sem fylgdu með frumvarpi til nkpl. segir m.a. um þetta atriði að líta þurfi til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafi ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma sem endurspeglast meðal annars í verði söluhlutar. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er tekið fram að rétt sé að vafinn falli fimm ára reglunni í hag.

Alla jafna ættu neytendur að geta haft væntingar til þess að sófi sem keyptur er á eðlilegu verði endist í töluverðan tíma. Í framanröktum skýringum er gefin sú leiðbeining að vafi um endingartíma eigi að hafa það í för með sér að vara verði felld undir fimm ára regluna frekar en tveggja ára. Verður því að líta svo á í máli þessu að sóknaraðili hefði

getað kvarta undan galla á umræddum sófa í fimm ár frá því kaupin fóru fram. Kvartaði sóknaraðili því undan galla á sófanum í tæka tíð í skilningi 2. mgr. 27. gr. laganna.

Í 15. gr. nkpl. er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur þarf að hafa. Í a-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b-lið 2. mgr. segir svo að söluhluturinn skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. laganna kemur fram að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa við til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. nkpl. hvílir á sóknaraðila að sýna fram á að sófinn hafi verið haldinn galla við afhendingu. Þegar sóknaraðili varð vör við saumsprettu í sófanum voru tæplega fimm ár liðin frá kaupunum. Þrátt fyrir að litið sé svo á að kvörtunarfrestur vegna galla sé að hámarki fimm ár verður ekki litið fram hjá því að ýmis atriði geta haft áhrif á líftíma húsgagna, svo sem umgengni og umhirða. Að svo löngum tíma liðnum getur verið erfiðleikum háð að sýna fram á að skemmdir eða bilanir á söluhlut stafi af framleiðslugalla en ekki utanaðkomandi atriða eftir afhendingu. Ekki verður séð að sóknaraðili hafi sýnt fram á að saumspretta sófans stafi af framleiðslugalla sem varnaraðili beri ábyrgð á. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

V

Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson